

# Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar

## Ársskýrsla skólaþjónustu veturinn 2022-2023

### Þróun skólaþjónustu og samþættrar þjónustu

Starf skólaþjónustu Fræðslu- og frístundasviðs á liðnum vetri var í senn hefðbundið en á sama tíma um margt óhefðbundið og er þar átt við innleiðingu *Laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna*. Innleiðingin felur í sér nýja hugsun og nálgun sem tekur tíma að leiða fram í öllum þeim kerfum sem koma að börnum og fjölskyldum. Innleiðingin í Mosfellsbæ hófst formlega með ráðningu Írisar Daggar H. Marteinsdóttur verkefnastjóra farsældar frá 1. ágúst 2022. Tók hún þar við grunni sem lagður var í samstarfi starfsmanna fræðslu- og frístundasviðs og velferðarsviðs allt frá árinu 2020 um *Hringinn* sem vettvang fyrir samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur. Lögin kveða á um stigskipta þjónustu, á 1., 2., og 3. stigi þar sem hvert þjónustustig þrepaskiptir sínum úrræðum.

Megin áherslan í vetur var á leik- og grunnskóla sem vinna á 1. stigi laganna enda eru þær stofnanir í lykilhlutverki í lífi barna og fjölskyldna þeirra. Strax um haustið voru unnin drög að nýju eyðublaði kortlagningar mála sem byggir á stig- og þrepaskiptingunni og þau prufukeyrð úti í skólunum, ásamt endurskoðuðu verklagi á milli skólanna og skólaþjónustunnar. Markmiðið kortlagningarinnar er að ávallt sé réttasta úrræðið virkjað fyrir barn og/eða fjölskyldu, en einnig að leiða betur í ljós þá sérfræðipækkingu á 1. stigi sem er úti í leik- og grunnskólum bæjarins og öll börn falla undir. Einn liður í því að leiða þessa sérfræðipækkingu fram var vinna lausnarteyma innan grunnskólanna. Þá voru unnin drög að þrepaskiptingu á 2. stigi laganna sem skólaþjónusta og velferðarþjónusta tilheyrar. Með lögunum um samþætta þjónustu við börn er verið að horfa til heildarmyndar og samhengis þess vanda sem uppi er; fókusinn er ekki eingöngu á birtingarmynd hjá barni heldur eru mál skoðuð í víðara samhengi með skóla og fjölskyldu.

Áfram voru deildarstjórar stoðþjónustu (grunnskóli) og sérkennslustjórar (leikskóli) hvers skóla tengiliðir við skólaþjónustuna. Vinnulagið á milli skólanna og skólaþjónustu hefur ekki breyst að öðru leiti en því að nú er stuðst við kortlagninguna þegar kemur að því að greina og meta hvaða íhlutun er sett af stað. Mál eru síðan rædd í samráðteymum leikskóla og í nemendaverndarráðum grunnskóla eins og áður.

Skólaþjónustan gerði einnig breytingar í vetur á því hvaða starfsmenn sitja í samráðsteymum og á nemendaverndarráðsfundum en markmiðið var að nýta þekkingu og mannauð sem allra best. Þegar kortlagning hefur farið fram og ákvörðun tekin um að vinna mál á 2. stigi færir málið eftir atvikum til skólaþjónustu eða velferðarþjónustu eða er unnið á báðum stöðum. Eftir sem áður heldur skólinn áfram sinni vinnu með barnið og þarfir þess í skólaumhverfinu. Þannig er vinna skólaþjónustu og vinna velferðarþjónustu á 2. stigi og þarf undirritað og upplýst

samþykki foreldra fyrir þeirri vinnslu. Vinnan á 2. stigi fór fram í skólateymi, farsældarteymi og sérþarfateymi farsældar.

Í skólateymi voru starfsmenn skólaþjónustu; sálfræðingarnir Halldóra Björg Rafnsdóttir og Helgi Þór Harðarson, Gunnhildur María Sæmundsdóttir leikskólafulltrúi, Íris Dögg H. Marteinsdóttir verkefnastjóri farsældar og Ragnheiður Axelsdóttir verkefnastjóri skólaþjónustu sem stýrði teyminu. Í vetur var eins og áður aðkeypt þjónusta sálfræðinga og talmeinafræðinga í greiningarvinnu. Sú gleðilega breyting varð í apríl að Ása Birna Einarsdóttir talmeinafræðingur hóf fast 40% starf í skólaþjónustunni en mun vera í fullu starfi frá og með 1. ágúst 2023. Þá var auglýst eftir sérfræðingi til starfa í skólaþjónustunni sem hefði þekkingu á málþroska, félags- og tilfinningaþroska en þeir þættir eru oft undirrot birtingamyndar hegðunar. Kristín Edda Guðmundsdóttir var ráðin í starfið og kom til starfa 1. júní sl. Auk framangreindrar þekkingar hefur hún þekkingu á kennslu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Mjög brýnt er að sá málaflokkur fái aukinn stuðning með fjölgun barna af erlendum uppruna í skólum bæjarins. Vegna breytinga á sviðinu þar sem Gunnhildur tók við sem starfandi framkvæmdastjóri kom Ragnheiður Halldórsdóttir fyrrverandi leikskólastjóri inn í skólateymið og tók við hlutverki hennar.

Í Farsældarteymi var unnið í samvinnu á milli sviða, en í teyminu sátu verkefnastjóri farsældar sem stýrði teyminu, verkefnastjóri skólaþjónustu, stjórnandi félagsþjónustu og stjórnandi barnaverndar. Fundað var í sérþarfateymi farsældar þegar þörf var á en þar gátu starfsmenn skólaþjónustu og/eða velferðarþjónustu lagt fram mál sem þörfuðust úrlausna, misjafnt var hverjir voru kallaðir til inn í teymið og fór það eftir eðli máls hverju sinni. Markmið þessa teymis var að nýta mannauð og þekkingu starfsmanna beggja sviða við lausnaleit í flóknum viðfangsefnum. Íris Dögg stýrði sérþarfateyminu.

Á vormánuðum var farið í að endurskoða og þróa áfram þá kortlagningu sem unnið var eftir um veturinn og fundað með þeim aðilum sem mest komu að kortlagningunni. Þeir fundir voru afar gagnlegir. Stefnt er að því á næsta skólaári að taka í gagnið rafræna útgáfu kortlagningarinnar sem gefur öllum sem að koma innan skólanna og í skóla- og velferðarþjónustu betri samráðsgrunn í málum og auðveldar starfsfólki úti í skólunum kortlagningu málanna. Mat undirritaðrar er að innleiðingin sé á góðu skriði en ljóst að á næstu árum er að mörgu að hyggja, má þar nefna þörf fyrir aukinn mannafla til að vinna að málstjórn í samþættri þjónustu í þágu farsældar barna, þörf fyrir úrræði á 2. stigi í velferðar- og skólaþjónustu, tæknilegar lausnir til hagræðingar og til að auka samvinnu og yfirsýn þeirra sem að málum koma og ekki síst að vinna að því að festa í sessi hugmyndafræði laganna. Skipulagsbreytingar á Bæjarskrifstofu og „lyklun“ verkefna sem hefja á í haust mun hafa áhrif á innleiðinguna og þróun verkferla og verklags.

Samstarfsaðilar skólaþjónustunnar á 3. stigi vinna einnig að innleiðingu en misjafnt er hversu langt á veg þeir eru komnir. Heilbrigðiskerfið hafði í nógu að snúast í heimsfaraldri og umræða um útfærslur því í sumum tilvikum skemur á veg komin. Skólaþjónustan hefur eigi að síður átt

gott samtal og samráð við Heilsugæslu Mosfellsbæjar. Þess má geta að haldnir voru fundir með svæðistjóra/fagstjóra hjúkrunar, skólahjúkrunarfræðingum og hjúkrunarfræðingum í ungbarnaeftirliti þar sem staða innleiðingar hjá Mosfellsbæ var kynnt og drög lögð að samvinnu varðandi verklag. Þá var einnig fundað um samþættinguna með skólameistara, námsráðgjafa og deildarstjóra sérnámsbrautar Framhaldsskóla Mosfellsbæjar.


Þann 9. desember 2022 undirritaði bærarstjóri ásamt lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, sýslumanni á höfuðborgarsvæðinu, forstjóra heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og skólameistara Framhaldsskólans í Mosfellsbæ viljayfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu. Undirritunin var lokaskref á samvinnu vinnuhóps þar sem fulltrúar þessara aðila unnu að sameiginlegu verklagi. Verklagið tengist vinnu í skóla- og velferðarþjónustu, forvarnarhópi Mosfellsbæjar og barnavernd, skýrir aðkomu ólíkra embætta og stofnana og styður við þá forvarnarvinnu sem unnin hefur verið í Mosfellsbæ til margra ára.

## Tölulegar upplýsingar - framtíðarsýn

Nemendur í skólum Mosfellsbæjar voru 1. september 2022, 2665 börn; í leikskólum voru 817 börn og í grunnskólum 1848 börn. Undanfarin ár hefur skólaþjónustan komið að um 12-18% barna í leik- og grunnskólum, talan í vetur er 14% barna.


Hluti mála var áfram unnin samkvæmt eldra verklagi, síðastliðið haust voru síðan send út drög að eyðublaði kortlagningar og eftir áramót voru öll mál tekin í gegnum kortlagninguna. Ljóst hefur verið um nokkuð skeið að núverandi málaskráningar kerfi hentar ekki vel til að ná út greinandi gögnum. Þetta varð enn ljósara við breytt verklag í gegnum kortlagninguna og samþættingu mála á milli skólaþjónustu og velferðarþjónustu.

**Á mynd 1** má sjá að heildarmála fjöldi sem barst til skólaþjónustu var 386 mál; 138 þeirra voru úr grunnskólum og 245 úr leikskólum, 3 mál af framhaldsskólastigi. Þá voru samþættingarmál 38 talsins, 20 þar sem eingöngu var óskað eftir aðstoð frá velferðarsviði en 18 mál þar sem óskað var aðkomu bæði skóla- og velferðarþjónustu.




MYND 1 HEILDARMÁLAFJÖLDI Í SKÓLAÞJÓNUSTU OG SKIPTING Á MILLI SKÓLASTIGA

**Á mynd 2** sést hvernig heildarmála fjöldi skiptist á milli skólastiga; leikskóla, yngsta stigs grunnskólans, miðstigs og elsta stigs, auk framhaldsskóla. Lang flest mál eru frá leikskólastiginu og yngsta stigi grunnskólans og er það í samræmi við áherslur um að skóli virki sína verkferla í nærumhverfi barns, óski ráðgjafar ef þurfa þykir frá skólaþjónustu og metið sé í lausnarteymi hvaða íhlutun þurfi til að styðja barnið. Ef ekki næst viðunandi árangur er mál tekið upp í samráðsteymi leikskóla eða nemendaverndarráði grunnskóla með samþykki foreldra. Eins og áður hefur komið fram heldur skólinn áfram að vinna að velferð barnsins þó að mál þess berist skólaþjónustu og/eða velferðarþjónustu til áframhaldandi vinnslu.



MYND 2 HEILDARMÁLAFJÖLDI SKIPT EFTIR SKÓLASTIGUM

Á mynd 3 sjást málaflokkar sem berast skólaþjónustu; 40% eru mál þar sem sálfræðingur og/eða talmeinafræðingur leggur fyrir greinandi próf, 49% eru ráðgjafamál af ýmsum toga, 3% voru óskir um setu sérfræðinga skólaþjónustu í teyllum og 8% mála eru samþættingarmál þar sem aðkoma er með fjölbreyttum hætti s.s. ráðgjöf, viðtöl, mat/greinandi próf lagt fyrir og samvinna við velferðarsvið eða aðra fagaðila.




MYND 3 MÁLAFLOKKAR BEIÐNA TIL SKÓLAÞJÓNUSTU

Undanfarin skólaár hefur verið gert átak í að halda utan um ráðgjafamál sem koma inn til skólaþjónustu. Ráðgjafamál geta verið í einstaklingsmálum, vegna deilda, bekkja, fyrir kennara

og stjórnendur í leik- og grunnskólum. Skólaárið 2021-2022 voru skráð ráðgjafamál 16% mála en eins og sést á mynd 3 eru ráðgjafamál 49% mála skólaárið 2022-2023. Sömu skólaár voru mál þar sem greiningarpróf var lagt fyrir tæplega 80% mála en í vetur tæplega 50% þegar tekin eru saman greiningarpróf og samþættingarmál en í flestum tilfellum hefur verið lagt fyrir greinandi próf í þeim málum, auk annarrar aðkomu.

Á mynd 4 má sjá málaflokka beiðna til skólaþjónustu eftir aldurstigum.



MYND 4 SKIPTING MÁLAFLOKKA EFTIR ALDURSTIGUM

Eins og verið hefur síðustu ár er aðkoma skólaþjónustu að málefnum drengja í miklum meirihluta eða tveir þriðju allra mál sem berast.

Með vinnu að tæknilegum lausnum og/eða uppfærslu núverandi kerfis munu tölfræðiupplýsingar að öllum líkindum verða nákvæmari. Markmiðið er að hægt sé að greina gögnin betur og taka ákvarðanir um hvaða íhlutun er nauðsynleg á hverjum tíma og ekki síður til að þróa þjónustu við skólana, börn og fjölskyldur þeirra. Þá er mikilvægt að þau sem eru að vinna í samþættum málum hafi sem besta yfirsýn yfir málin og vinnu hvers annars. Mjög brýnt er að finna lausnir sem henta og vinna markvisst að þeim veturinn 2023 - 2024.

Mosfellsbær 1. september 2023

Ragnheiður Axelsdóttir, verkefnastjóri skólaþjónustu